

Þingnefnd 2011

Skýrsla þingnefndar 2011

Þingnefnd hefur starfað af miklum krafti frá því í haust og frá áramótum hafa verið vikulegir fundir á hverjum mánudegi. Eins og ætla má hefur margt áunnist og verið leyst á öllum þessum fundum. Við njótum þess að hafa aðgang að gögnum frá síðustu 3-4 þingnefndum sem hefur komið sér vel og sparað okkur tölverða vinnu. Eitt er þó það sem hefur komið okkur þingnefndarmönnum einna mest á óvart er að fyrstu drög að fjárhagsáætlun voru nokkru lægri í krónutölu, án ferðajöfnunar en kostnaður við þing á Sauðárkróki 2008 og þurftum við að vinna hana að miklu leiti upp, það þótti okkur frekar brúlað með tíma beggja nefnda. Í mars komu góðir gestir til okkar þeir Óskar umdæmisstjóri og Atli féhirðir, þeir fóru með okkur í túr um svæðið að taka út aðstöðumálin og koma á hreint ýmsum málum varðandi verkaskiptingu milli okkar og umdæmisstjórnar.

Þingnefnd er búin að koma eftirfarandi verkum frá:

- Semja um gistingu
- Semja um flugverð
- Miðla upplýsingum um framgang á þingvef
- Klára fjárhags áætlanir
- Senda kjörbréf til klúbba
- Gera margra metra verkefnalista
- Tíma setja allt á honum og forvinna eftir föngum
- Og skipa starfshópa í klúbbum um ýmis verkefni varðandi þinghald

En tossa listinn okkar er uppá ansi margar síður en sem betur fer er flest merkt sem mis mikið búið, og leggst það vel í okkur að þingið gangi með miklum sóma.

Við höfum fregnað að bókanir í gistingu séu orðnar umtalsverðar, og er farið að gruna að þingið verði mjög vel sótt. Sem er gaman að hugsa og hlakka til, ekki síst þar sem þessi árstími hefur oftast en ekki skartað mikilli veðurbliðu.

Stefán B. Jónsson
Formaður þingnefndar